

Gjaldskrá fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa í Borgarbyggð

1. gr.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar er heimilt, í samræmi við 16. gr. samþykktar um fráveitur og rotþrær í Borgarbyggð nr. 296/2007, að leggja á sérstakt gjald vegna hreinsunar og tæminga rotþróa í Borgarbyggð.

2. gr.

Gjaldið er innheimt árlega, sem hér greinir:

<i>Rotþró</i>	<i>kr.</i>
2000 lítra og minni	8.202
2001 – 4000 lítra	9.491
4001 – 6000 lítra	11.312

Fyrir rotþrær stærri en 6000 l er innheimt samkvæmt reikningi kr. 6.790 á rúmmetra við losun.

Þurfi að fara aukaferð (tæma utan reglubundinnar yfirferðar) er innheimt sérstakt tæmingargjald sem er kr. 57.014,- fyrir hverja tæmingu og auk þess kr. 344 fyrir hvern ekinn km.

Gjaldið verður endurskoðað árlega, þ.e. 1. janúar ár hvert og breytist í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar sem er 130,2 í desember 2016.

3.gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar með stoð í 25. gr. laga nr.7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Með samþykkt þessarar gjaldskrár fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 1279/2015.

Borgarnesi 12. desember 2016.

sveitarstjóri